



Fréttabréf Brekkuskóla

1. nóvember 2013
3. tbl. skólaárið 2013 - 2014
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag.

Þá er haustið að kveðja og veturinn að heilsa. Haustið hefur gengið vel í skólanum og starfið allt komið á góða siglingu. Við reynum ávallt að hafa einkunnarorðin okkar, menntun, gleði, umhyggju og framfarir að leiðarljósi og viljum að þau endurspegli allt okkar starf. Við viljum að Brekkuskóli verði ætíð framúrskarandi skóli sem bjóði uppá vandað nám. Að nemendum líði vel í skólanum og að á milli skólans og heimila sé öflugt samstarf með velferð nemandans alltaf að leiðarljósi. Fræðslufundirnir með foreldrum í 1., 5. og 8. bekk sem haldnir voru núna í október gengu vel og eftir þá liggur mikil og góð vinna varðandi hlutverk skólans annars vegar og foreldra hins vegar. Það getur hjálpað okkur öllum að hafa skýra mynd af því hvert hlutverk okkar er.

Það hafa ýmsir gestir komið í heimsókn til okkar í skólann í október til þess að kynna sér starfið hér og það hefur verið gaman að upplifa skólabraginn okkar í gegnum gestsaugað. Þá höfum við líka tekið á móti kennaranemum sem okkur þykir alltaf akkur í að fá.

Drekameisturum fjölgar jafnt og þétt og þessi skemmtilega hugmynd hefur sannarlega hvatt nemendur áfram við lesturinn. Sigríður Margrét Hlööversdóttir kennari á bókasafninu hefur útbúið bókalista sem gefur þrjár mismunandi drekagráður sem nemendur keppast við að ná.

Á næstu dögum munum við birta niðurstöður úr Skólapúlsinum á vefsíðu skólans. Skólapúlsinn er spurningatæki sem skólinn nýtir til þess að leggja fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra spurningar sem gefa okkur mynd af starfinu. Nemendakannanir verða lagðar fyrir í september, nóvember, janúar, mars og maí. Starfsmanna- og foreldrakönnun í mars og apríl. Niðurstöður úr nemendakönnun í október komu vel út, vellíðan nemenda hefur aukist töluvert, samband nemenda við kennara mælist mjög gott hjá okkur og virk þáttaka nemenda í kennslustundum hefur aukist.

Framundan í nóvember er svo starfsdagur þann 18. nóvember. Frístund verður lokuð fyrir hádegi þann dag. Dagur íslenskrar tungu sem ber upp á laugardegi þetta árið eða þann 16. ætlum við að halda uppá með ýmsu móti. Nemendur í 8. - 10. bekk verða í dagskrá með jafnöldrum sínum í öðrum skólum á Akureyri föstudaginn 15. nóvember og 7. bekkur ætlar að vera með upplestur á leikskólanum Hólmasól. Árshátíðin verður svo 28. nóvember, hún verður með sama sniði og undanfarin ár. Nemendur eru farnir að æfa atriðin sín og við hlökkum mikið til og vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Sjáumst í skólanum.
Jóhanna María Agnarsdóttir skólastjóri



Markaður á árshátíð

5. bekkur skólans mun standa fyrir markaði á árshátíð skólans.

Markaðurinn er einn liður í Comeniusarverkefninu "Working together"

Á markaðnum ætla krakkarnir að selja vörur sem nemendur úr samstarfsskólunum hafa útbúið og sent til okkar.

Allir Comeniusarskólarnir halda einn markað eins og þennan og selja sömu vörur m.a. vörur sem börn í Brekkuskóla hafa útbúið.

Ágóði sölnnar mun renna til góðgerðarmála í hverju þáttökulandi.



Brekkuskóli

v/Skólastíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Kynning á rafrænu námi í Brekkuskóla

Í Brekkuskóla er unnið þróunarverkefni sem ber yfirskriftina "Rafrænt nám í Brekkuskóla". Það gengur út á það að þróa aðferðir til að auka fjölbreytni í námi og kennslu með aðstoð tölvu- og upplýsingatækni. Meginmarkmið með verkefninu er m.a.:



- Að auka gæði og fjölbreytni í kennsluháttum
- Að auka þekkingu og efla endurmenntun kennara á sviði upplýsinga- og samskiptatækni
- Að nýta sjálfvirkni í upplýsinga- og samskiptatækni í skólastarfinu
- Að efla samstarf um nám nemenda við heimilin
- Að styðja við einstaklingsmiðaða kennsluhætti
- Að auka jafnrétti og jafnræði til náms
- Að bæta árangur í námi
- Að bæta líðan og áhuga nemenda
- Að efla sjálfstraust og sjálfstæði nemenda í námi
- Að hagræða í rekstri skólans
- Að efla sjálfmat nemenda

Myndaður hefur verið stýrihópur um verkefnið. Stýrihópurinn skiptir verkefninu upp í sex megin viðfangsefni.

Námsgreinin upplýsinga- og tölvutækni og skólanámskrá

Unnið hefur verið að endurnýjun skólanámskrár í tölvu- og upplýsingatækni fyrir skólastarf Brekkuskóla í hverjum árgangi þar sem áherslupættir í upplýsingatækni sem námsgrein kemur fram. Í skólanámskránni er m.a. lagður grunnur að frumkvæði og nýsköpun nemenda með forritunarkennslu. Nú í vetur er unnið að því að ræða og setja nánar upp árgangamarkmið, ákveða hvaða hugbúnað við notum til kennslunnar, ákveða hvernig við viljum kenna netsamskipti og hvaða áherslur við viljum viðhafa í birtingu verkefna á netinu. Stefnt er að því að ný skólanámskrá í upplýsinga- og tölvutækni við Brekkuskóla verði tekin í notkun skólaárið 2014 – 2015.

Skólasamfélagið og aðalnámskrá

Teymi kennara greinir niðurstöður skólaþings sem haldið var haustið 2012 með hliðsjón af markmiðum rafræns náms og kennslu í skólanum. Á skólaþingi komu saman aðilar alls staðar að úr skólasamfélaginu til skrafs og ráðagerða. Einnig greinir hópurinn hvaða þættir það eru sem aðalnámskráin gerir kröfu um varðandi lykilhæfni í upplýsinga- og samskiptatækni almennt í skólastarfi.

Rafrænar námsbækur

Teymi kennara þjálfar sig í að setja inn og nýta rafrænar kennslubækur í spjaldtölvum, fartölvum og borðtölvum. Verkefnið er unnið sem jafningjafraeðsla. Fljótlega eftir að þróunarverkefnið fór í gang kom í ljós að tæknin getur hentað ákveðnum nemendum við vinnslu verkefna sem annars er unnin í bókum. Nemendur vinna í tölvum í almennum kennslustundum sem áður höfðu t.d. átt í erfiðleikum með skriflega verkefnavinnu. Tæknin hefur reynst þessum nemendum vel og eru



Munið fund Heimila og skóla **þriðjudaginn 5. nóvember kl. 18** á sal Brekkuskóla
Sjá nánar auglýsingu á vefsíðu skólans www.brekkuskoli.is

Gildi
mánaðarins

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Rafrænt nám í Brekkuskóla frh.

Kennsluhættir

Teymi kennara safnar hugmyndum um fjölbreyttar aðferðir og leiðir við kennslu með nýtingu upplýsinga- og samskiptatækni. Nú þegar hafa kennarar verið að prófa sig áfram með myndir og myndskreið í tungumálakennslu, nýtingu kennsluvefa fyrir einstaka námsgreinar, gerð rafbóka o.fl. Þessi verkþáttur er einnig studdur af Nordplus sjóðnum www.nordplus.is þar sem tveir kennarar eru í samskiptum við nemendur og kennara í Lettlandi og Noregi. Verkefnið nær til næstu þriggja ára og er kærkomin viðbót við þá þróunarvinnu sem þegar er komin af stað meðal kennara skólans. Áhersla er lögð á jafningjafræðslu og fræðslu frá nemendum, sem oftast en ekki eru komnir lengra en kennarar í að nýta sér tæknina.

Rafræn námsgrein

Teymi kennara setur upp áætlun, kennslu, mat, greiningu og miðlun námsgreinar eða afmarkaðra verkefna í kerfunum InfoMentor og Moodle. Þegar hefur kennari prófað að nýta rafrænt nám í einni námsgrein á meðan hann dvaldi erlendis að sinna öðru verkefni fyrir skólann. Nemendum í elstu bekkjum Brekkuskóla í einni námsgrein gafst þá kostur á að leysa afmörkuð verkefni með rafrænum hætti óháð stað og stund. Í þessu námsumhverfi InfoMentor hefur matrixa sem rammi fyrir námsmat haft greinileg hvetjandi áhrif á nemendur. Matrixan gefur ákveðið gagnsæi á það til hvers er ætlast af nemandanum í tilteknu verkefni og auk þess gefst nemandanum kostur á að gera sjálfsmat. Afrakstur var sendur rafrænt til kennara og skil verkleg skil verkefna fóru fram þegar kennari var kominn til baka.

Akureyrarbær hefur sett upp miðlægan Moodle aðgang fyrir grunnskólakennara

Akureyrarbæjar þar sem kennarar eru í samstarfi milli skóla að þróa kennslufni, aðferðir og leiðir til að nýta rafrænt nám í skólastarfi grunnskólanna á Akureyri. Þetta samstarf styður við þróun rafræns náms í skólastarfi Brekkuskóla. Sprotasjóður styrkir rafrænt nám og þróun kennsluhátta í Brekkuskóla www.sprotasjodur.is.

Sérkennsla með UST

Teymi sérkennara hittist reglulega í jafningjafræðslu þar sem aðferðir, leiðir og hugbúnaður er prófaður og metinn. Nemendur með sérþarfir fá þannig einstaklingsmiðaða kennslu með aðstoð tölvutækninnar eftir því sem búnaður leyfir. Sérkennarar fengu sérstakan styrk frá Norðurorku www.no.is til að styðja við einhverf börn með tækni og var styrkurinn nýttur til tækjakaupa.

Aðgengi og búnaður

Þráðlaus nettenging er mikilvæg forsenda þess að hægt sé að nýta rafræna kennsluhætti í skólastarfinu. Því hefur skólinn ákveðið að opna fyrir þráðlaust nemendanet skólans þar sem nemendum í elstu bekkjum gefst kostur á að fá aðgang fyrir eigin tölvur, spjaldtölvur eða snjallsíma með skriflegu leyfi foreldra. Nemendanetið er síað með þeim hætti að lokað er fyrir ákveðnar síður eða vefsíðugerðir sem taldar eru óæskilegar. Fylgst er með niðurrhali á hvern skráðan vélbúnað sem gefið hefur verið leyfi fyrir. Auðvelt er að loka fyrir einstaka vélbúnað ef nemandi verður uppvís að misnotkun.

Skólinn hefur yfir að ráða 14 iPad spjaldtölvum og í skólanum eru tveir Windows Multipoint þjónar í jafnmörgum tölvuverum. Auk þess eru Multipointþjónar sem tengjast tölvum kennara í kennslustofum. Tvær Apple tölvur eru einnig til í skólanum sem nýtast fyrir vinnslu sem gerir meiri kröfur en spjaldtölvur skólans geta sinnt. Þetta eru færanlegar tölvur sem eru nýttar þar sem þörfin er mest hverju sinni.

Stuðningur, ráðgjöf og endurmenntun

Lögð er áhersla á að kennarar fái fræðslu, stuðning og ráðgjöf við innleiðinguna.

Jafningjastuðningur spilar þar stóran sess þar sem kennarar fá tækifæri til að sýna og segja frá því sem þeir eru að prófa á kennarafundum og á örnámskeiðum. Verkefnið fær styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla.

Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri

Sænskur rithöfundur í heimsókn

Kim M. Kimselius er sænskur rithöfundur sem kom í heimsókn í Brekkuskóla dagana 16. og 17. október. Norræna félagið á Íslandi, í samstarfi við Norrænu upplýsingaskrifstofuna og Norræna félagið á Akureyri, stóð fyrir heimsókninni og er markmiðið að auka þekkingu barna og unglinga á Norðulandamálum.



Kim heimsótti nemendur í 8. – 10. bekk og sagði frá bókunum sínum og hvernig á því stóð að hún varð rithöfundur. Nemendur voru búnir að undirbúa spurningar á dönsku eða sænsku og voru mjög duglegir að spyrja spurninga, allt frá: „Hvað er skemmtilegast við að vera rithöfundur?“ að spurningum eins og: „Hver er uppáhalds pokimon figúran þín?“ Kim var mjög glaðvæg og alúðleg og sagði þeim að það besta við starfið væri að hafa tækifæri til að kynnast fólki eins og þeim og að hún væri með uppáhalds pokimon figúruna sína á töskunni sinni sem hún keypti í Japan. Að mati nemenda var Kim skemmtileg og ófeimin og fannst þeim áhugavert að heyra að hún byrjaði að skrifa þegar hún var 8 ára en gaf ekki út sína fyrstu bók fyrr en hún var 43 ára. Hún taldi þær ekki nógu góðar og fóru þær allar ofan í skúffu þangað til maðurinn hennar tók af skarið og fór að segja frá því að hún væri rithöfundur.

Kim lýsti því hversu sterka þörf hún hefur fyrir að skrifa og hversu mikla ánægju hún hefur af því. Hún sagði að hugmyndirnar brytust um í höfðinu á sér og að hún yrði að koma þeim út. Hún hefur alltaf skrifað fyrir sjálfa sig og hennar draumur var einungis að prenta bók með nafninu sínu sem hún gæti sett í bókahilluna sína. Hana dreymdi aldrei um frægð og frama og trúði aldrei að það myndi gerast. Í Svíþjóð hafa komið út 26 bækur eftir hana og hafa sumar þeirra verið þýddar á önnur tungumál þ.á.m íslensku: Aftur til Pompei (2009), Ég er ekki norn (2010), Bölvun faraós (2011), Fallöxin (2012) og Töfrasverðið (2013).

Margrét Þóra Einarsdóttir kennari

Drekameistarar í október



Á skólasafni Brekkuskóla hafa nokkrir bókatitllar verið listaðir upp í þrjár mismunandi "drekagráður". Nemandi tekur þátt með því að merkja við þær bækur sem hann hefur lesið í gráðunni sem hann velur sér. Þegar hann hefur lokið við að lesa þær allar fær hann drekameistaratitil! Lesa má nánar um Drekameistaragráðurnar á vefsíðu skólans.

Drekameistarar Brekkuskóla í október eru:

Stormur Karlsson 4. AHG er kominn með 1. og 2. gráðu

Þorbjörg Þóroddsdóttir 3. SAB er komin með 1. gráðu

Kormákur Rögnvaldsson 4. FRF er kominn með 1. og 2. gráðu

Verður þú næsti Drekameistari?

Gildi mánaðarins

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Viðburðadagatal og matseðill – Nóvember 2013

					1. Kjötréttur, kartöflur eða hrísgrjón, grænmeti, sósa og ávextir	2.
3.	4. Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, grænmeti og ávextir	5. Lasagne, brauð, grænmeti og ávextir Fundur samtakanna Heimilis og skóla kl. 18 í sal skólans	6. Bakaður fiskur, kartöflur, köld sósa, grænmeti og ávextir	7. Grjónagrautur, slátur, grænmeti og ávextir	8. Píta, grænmeti og ávextir Baráttudagur gegn einelti	9.
10.	11. Hakk, spaghettí, brauð, grænmeti og ávextir	12. Fiskiklattar, kartöflur, grænmeti og ávextir	13. Lambasteik, kartöflur, rauðkál, grænar baunir, salat og ávextir	14. Fiskuréttur í ofni, kartöflur, grænmeti og ávextir	15. Rjómasúpa, brauð, grænmeti og ávextir	16. Dagur íslenskrar tungu
17.	18. Starfsdagur Fristund lokað fyrir hádegi	19. Buff, kartöflumauk, grænar baunir, rauðkál, brún sósa, salat og ávextir	20. Ofnsteiktur fiskur, kartöflur, grænmeti og ávextir	21. Steiktur kjúklingur, steiktur kartöflur, sósa, grænmeti og ávextir	22. Skyr, heilheitibrauð, grænmeti og ávextir	23.
24.	25. Fiskur í raspi, kartöflur, köld sósa, grænmeti og ávextir	26. Kjötbullur, kartöflur, brún sósa, grænmeti og ávextir	27. Snakkýsa, kartöflur, grænmeti og ávextir	28. Pylsur, pylsubrauð, steiktur laukur, sinnep og tómatsósa Árshátíð Brekkuskóla	29. Pasta, brauð, grænmeti og ávextir	30.

Baráttudagur gegn einelti

Í lok ársins 2010 skipaði Mennta- og menningarmálaráðherra verkefnisstjórn þriggja ráðuneyta til að fjallað um og fylgja eftir tillögum að aðgerðum gegn einelti í íslensku samfélagi. Eitt af hlutverkum verkefnisstjórnarinnar er að taka þátt í og stuðla að vitundarvakningu um hið alvarlega samfélagslega vandamál sem einelti er, þætti í skóla- og starfsumhverfi sem geta stuðlað að einelti, leiðir til að taka á kvörtunum um einelti, neikvæð samfélagsleg áhrif af einelti og aðgerðir til að sporna gegn einelti. Vefsíða verkefnisins: www.gegneinelti.is

Í Brekkuskóla er unnið samkvæmt Olweusaráætlun gegn einelti www.olweus.is



Gyllti staurinn

Á skólalóð Brekkuskóla hefur starfsfólk í samstarfi við nemendur málað einn ljósastaur gylltan. Nemendur sem hafa engan að leika við geta farið að staurnum og krækt sig í hann. Aðrir nemendur hafa þá það hlutverk að bjóða viðkomandi nemanda í leik.



Gildi mánaðarins

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir